



F U N D A R G E R Ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 25. júní 2020 kl. 15:00 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Finnbogi Leifsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Karitas Jónsdóttir, Kristinn Jónasson, Sævar Jónsson og Unnur Þóra Sigurðardóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundarsetning - kosning formanns og varaformanns.

Aldursforseti stjórnar, Finnbogi Leifsson, setti fund. og gerði tillögu um Kristinn Jónasson sem formann stjórnar. Samþykkt. Finnbogi gerði einnig tillögu að Karitas Jónsdóttur sem varaformann. amþykkt. Kristinn Jónasson tók við stjórn fundarins og þakkaði traustið.

2. Fundargerð síðasta fundar 25. maí 2020 og aðalfundar.

Samþykktar

3. Troðari.

Lagt fram tilboð í troðara frá 31.1.2020. Samþykkt að ráðast í kaup á troðara. Framkvæmdastjóra falið að annast samningagerð þar um.

4. Sigvatnshreinsun – minnisblað frá EFLU

Lagt fram efni um frumskoðun nokkurra möguleika á hreinsun sigvatns frá urðunarrein fjögur í Fíflholtum. Lögð fram tillaga að náttúrulegu hreinsikerfi. Lagt er til að verkefnið sé byggt upp í nokkrum þrepum og prófanir og vöktun leiði af sér hvað lausn verði að endingu fyrir valinu. Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með hugmyndafræði EFLU og samþykktu að fela framkvæmdastjóra að vinna verkefnið áfram.

5. Viðbrögð við áhættumati fyrir stærri úrgangsstaði.

a. Starfslýsingar uppfærðar og gögn aðgengileg á urðunarstað.

Framkvæmdastjóri greindi stjórnarmönnum frá áhættumati fyrir stærri úrgangsstaði og útkomu eftirlits samkvæmt því fyrir Fíflholt. Unnið er að því að bregðast við athugasemdum.

6. Samráðsnefnd – svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir SV-hornið.

a. Upplýsingafundur sorpsamlaganna á SV-horninu.

Framkvæmdastjóri greindi frá hugmynd þess að stjórnir sorpsamlaganna á SV-horni landsins hittist á sameiginlegum fundi í því skyni að upplýsa um stöðu mála í landshlutunum. Ákveðið nánar í samstarfi við samráðsnefnd.

b. **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.**

http://ssv.is/Files/Skra_0038235.pdf Eldri útgáfu má nálgast á meðfylgjandi slóð. Unnið er að gerð nýrrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Höfuðborgarsvæðið er langt komið með að skrifa sína stefnu og hefur Suðurlandi, Vesturlandi og Suðurnesjum verið falið að skrifa sína stefnu inn í áætlunina. Framkvæmdastjóra falið að vinna það áfram fyrir Vesturland. Setja þarf fram nokkrar sviðsmyndir um framtíðarskipulag á sorpmálum á Vesturlandi sem gætu komið til greina og leggja þær fyrir stjórn til ákvörðunartöku.

7. Önnur mál

Matsáætlun

Er í auglýsingaferli hjá Skipulagsstofnun.

Landamerkjagirðing

Framkvæmdastjóri greindi frá samningi um landamerkjagirðingu milli jarðanna Mels og Fíflholta á eins kílómetra kafla.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir